



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 99. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 10. nóvember 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Haukur Eggertsson, varafulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, sérfræðingur.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079

Umfjöllun um tillögu að 3.útg. Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar - 13:00
Verkefnisstjóri fer yfir nokkur atriði í tengslum við lokaútgáfu tillögunnar. Svæðisráð samþykkir tillöguna.

2. Rekstraráætlun 2022 - 2108087

Drög að rekstraráætlun vestursvæðis fyrir árið 2022.

Drög að rekstraráætlun vegna ársins 2022 fyrir vestursvæði lögð fram og kynnt af þjóðgarðsverði. Svæðisráð samþykkir tillöguna, móttakvæðalaust, með þeim fyrirvara að fjárlagafrumvarp ársins 2022 hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Svæðisráði verða kynntar mögulegar breytingar á áætlun ársins 2022 í kjölfar framlagningar á fjárlagafrumvarpi ársins 2022.

Svæðisráð bendir jafnframt á nauðsyn þess að aukið fé verði sett í landvörslu í þjóðgarðinum m.a. til að veða upp á móti þeim áhrifum sem stytting vinnuvikunnar hafði til fækkunar landvarðarvaktu.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 13:45